

S A M N I N G U R

milli fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Seðlabanka Íslands um framkvæmd á veitingu ábyrgða gagnvart lánastofnunum vegna viðbótarlána þeirra til fyrirtækja vegna heimsfaraldurs kórónuveiru

1. Inngangur

Vegna kórónuveirufaraldursins standa mörg fyrirtæki frammi fyrir tímabundnu tekjufalli og lausafjárvanda. Þrátt fyrir að eigin- og lausafjárstaða banka sé sterk og vextir hafi lækkað er hætt við að sú áhætta sem einkennir efnahagslífið dragi úr vilja lánastofnana til lánveitinga, jafnvel til fyrirtækja sem geta átt góðu gengi að fagna þegar rofar til í hagkerfinu.

Af þessum ástæðum hefur Alþingi samþykkt, með fjárukalögum fyrir 2020, sbr. fjárukalög nr. 26/2020 og bráðabirgðaákvæði í lögum um ríkisábyrgðir, sbr. breytingar með lögum nr. 25/2020, að heimila fjármála- og efnahagsráðherra að veita ábyrgð á hluta af viðbótarlánnum sem lánastofnanir veita til fyrirtækja við þessar kringumstæður og að settum skilyrðum uppfylltum.

Heimildin nær til þess að veita lánastofnunum ábyrgð ríkissjóðs vegna viðbótarlána þeirra til fyrirtækja sem orðið hafa fyrir verulegu tekjutapi vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Heildarábyrgð ríkissjóðs vegna viðbótarlána geti hæst numið 50 ma.kr. Ábyrgðunum er ætlað að liðka fyrir aðgangi fyrirtækja, þá sérstaklega smárra og meðalstórra fyrirtækja, sem standa frammi fyrir tímabundnum vanda vegna heimsfaraldursins í tengslum við aðgengi að lausu fé og draga þannig úr áhrifum faraldursins á atvinnulíf og atvinnustig.

Ráðherra er í fyrrnefndum ákvæðum heimilað að semja við Seðlabanka Íslands um að annast framkvæmdina gagnvart lánastofnunum. Í samningi ráðherra og bankans skal greina nánar frá skilyrðum viðbótarlána með ábyrgð ríkisins, meðal annars um að lántaki greiði ekki arð eða kaupir eigin

hluti á meðan ríkisábyrgðar nýtur við, og skilyrðum sem lánastofnanir skuli uppfylla, skiptingu ábyrgða milli lánastofnana, hvernig tryggja megi að fyrirgreiðsla lánastofnana byggist á skýrum, málefnalegum og gagnsæjum forsendum sem leiði til jafnræðis þeirra fyrirtækja sem leita eftir fyrirgreiðslu og hvernig reglubundinni skýrslugjöf skuli háttáð.

Með gerð þessa samnings er skapaður grundvöllur fyrir því að hrinda úrræðinu í framkvæmd.

2. Umsjón með framkvæmd og umboð

Seðlabanki Íslands annast framkvæmd á veitingu ábyrgða ríkissjóðs á viðbótarlánum lánastofnana til fyrirtækja, líkt og nánar er kveðið á um í samningi þessum.

Með vísan til framangreindra lagaákvæða veitir fjármála- og efnahagsráðherra Seðlabanka Íslands umboð til að ábyrgjast f.h. ríkissjóðs viðbótarlán lánastofnana til fyrirtækja, eins og nánar greinir og með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í samningi þessum. Seðlabankinn ber ekki ábyrgð á greiðslum sem kunna að falla á ríkissjóð á grundvelli ábyrgðanna.

Seðlabankinn semur við lánastofnanir um veitingu viðbótarlána með ábyrgð ríkissjóðs. Lánastofnun er fyrirtæki sem tekur á móti innlánum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi og veitir lán fyrir eigin reikning sbr. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Í samningum Seðlabankans við lánastofnanir skal koma fram að það sé á ábyrgð lánastofnana að fylgt sé lögum, reglum og samningum um ábyrgðir ríkissjóðs. Þá skal greint frá umfangi lána sem þær geta veitt með ábyrgð ríkissjóðs og ábyrgðarhlutfalli, skilyrðum fyrir veitingu viðbótarlána, uppgjöri ábyrgða og upplýsingagjöf, eins og nánar greinir í samningi þessum.

3. Ábyrgð ríkissjóðs

3.1 Heildarábyrgð

Heildarábyrgð ríkissjóðs gagnvart lánastofnunum vegna viðbótarlána þeirra til fyrirtækja skal að hámarki nema samtals 50 ma.kr.

3.2 Skipting milli lánastofnana

Skipting heildarábyrgðar ríkissjóðs á milli lánastofnana skal byggjast á hlutlægum og málefnalegum forsendum. Við skiptinguna skal Seðlabanki Íslands horfa til hlutdeildar lánastofnana í heildarfjárhæð lánveitinga til fyrirtækja 31. desember 2019.

3.3 Ábyrgðarhlutfall

Ábyrgðin tekur til allt að 70% af höfuðstóli þeirra lána sem njóta ábyrgðar í samræmi við 4. og 5. kafla í samningi þessum.

4. Skilyrði við veitingu ábyrgðar

4.1 Fyrirtæki sem notið geta ábyrgðar

Heimilt er að veita ábyrgðir vegna nýrra viðbótarlána til fyrirtækja, þ.e. lögaðila og eftir atvikum manna sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, sem bera hér á landi fulla og ótakmarkaða skattskyldu í skilningi laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

4.2 Verulegt og ófyrirséð tekjutap

Ábyrgðir taka eingöngu til lána til fyrirtækja í lausafjárförf sem verða fyrir verulegu og ófyrirséðu tekjutapi árið 2020. Þetta á við þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- i. Tekjutap fyrirtækis er ófyrirséð og nemur að lágmarki 40% og unnt er með rökstuddum hætti að rekja það beint eða óbeint til heimsfaraldurs kórónuveiru eða ráðstafana sem honum tengjast að mati lánastofnunar. Við mat á tekjutapi er t.a.m. unnt að horfa til tekna sömu mánaða eða tímabils undangengins árs og tekna samliggjandi mánaða innan ársins 2020.
- ii. Fyrir liggur að lánastofnun hafi gripið til allra þeirra úrræða sem hún gripi til undir venjulegum kringumstæðum, m.a. samkvæmt útlánareglum, til að leysa lausafjávanda fyrirtækis til að viðhalda rekstri þess og að fyrirtæki uppfyllir ekki skilyrði sem alla jafna eru sett fyrir frekari lánveitingum af hálfu lánastofnunar samkvæmt útlánareglum hennar.

4.3 Viðmið um launakostnað

Viðbótarlánveiting takmarkast við fyrirtæki þar sem launakostnaður var a.m.k. 25% af heildarútgjöldum undangengins árs. Liggja endanlegur og samþykktur ársreikningur vegna ársins 2019 ekki fyrir er lánastofnun heimilt að styðjast við ársreikning 2018, eða önnur þau gögn sem tiltæk eru, og sem eru fullnægjandi til slíks mats að mati lánastofnunar.

4.4 Lánveiting

Viðbótarlánveiting skal teljast mikilvæg forsenda þess að fyrirtækið geti viðhaldið rekstrarhæfi sínu þrátt fyrir tímabundið tekjutap. Óheimilt er að nota viðbótarlánveitinguna til að endurfjármagna eldri lán eða nota í annað en almennan rekstrarkostnað fyrirtækisins. Til almenns rekstrarkostnaðar teljast t.a.m. laun og launatengd gjöld, rekstraraðföng, húsaleiga og gjaldfært viðhald.

4.5 Rekstrarhæfi til framtíðar

Skilyrði ábyrgðar er að lánastofnun telji líklegt að fyrirtæki geti orðið rekstrarhæft þegar dregur úr áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru. Í því felst m.a. að lánastofnun metur hvort fyrirtækið væri rekstrarhæft við venjulegar markaðsaðstæður, þ.e. ef ekki væri fyrir heimsfaraldur kórónuveiru.

Auk ofangreindra skilyrða gilda ákvæði viðauka I um fyrirtæki í erfiðleikum í skilningi EES-réttar við mat á rekstrarhæfi.

4.6 Takmarkanir á arðgreiðslum o.fl.

Fyrirtæki skal, í samningi við lánastofnun, staðfesta, eftir atvikum með yfirlýsingu endurskoðanda þegar unnt er að afla slíkrar yfirlýsingar, að frá 1. mars 2020 hafi ekki verið greiddur út arður, óumsamdir kaupaukar, keypt eigin hlutabréf eða veitt eða greidd lán til eigenda eða nákominna aðila, greidd greiðsla á víkjandi láni fyrir gjalddaga, eða greiddar neinar þær greiðslur til eigenda eða nákominna aðila sem ekki eru nauðsynlegar til að viðhalda rekstri og rekstrarhæfi félagsins. Fyrirtækið skal jafnframt skuldbinda sig til þess að svo verði ekki út þann tíma sem ábyrgðar ríkissjóðs nýtur við. Hugtakið nákominn aðili skal túlkað til samræmis við 3. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991.

5. Lánstími, lánakjör og lánsfjárhæðir

5.1 Lánsfjárhæð

Í samningi Seðlabankans við lánastofnanir skal kveða á um hámark á viðbótláni til einstakra lántaka, sem getur numið tvöföldum árslaunakostnaði viðkomandi fyrirtækis á næstliðnu ári, þó að hámarki 1,2 ma.kr. Liggi endanlegur og samþykktur ársreikningur vegna ársins 2019 ekki fyrir er lánastofnun heimilt að styðjast við ársreikning 2018 og önnur þau gögn sem tiltæk eru og eru fullnægjandi til mats á launakostnaði að álitni lánastofnunar. Ef fyrirtæki er nýstofnað er unnt að horfa til áætlaðs launakostnaðar næstu 2 ára samkvæmt mati lánastofnunar.

5.2 Lánakjör

Ákvörðun um kjör og skilyrði viðbótláns er í höndum viðkomandi lánastofnunar. Lánakjör lánastofnunar skulu þó bera þess merki að hún ber aðeins hluta áhættu við veitingu lánsins. Í því skyni að tryggja að stuðningur ríkisins gangi eins og frekast er unnt til fyrirtækja skal lánastofnun leggja mat á og geta rökstutt að lánskjör séu hagstæðari sökum ábyrgðarinnar, t.a.m. í samanburði við lán sem veitt er án ábyrgðar, og þá jafnframt með vísan til lækkunar stýrivaxta og bankaskatts.

5.3 Lánstími og gildistími ábyrgðar

Viðbótarlán með ábyrgð ríkisins skulu veitt á árinu 2020. Ábyrgð ríkissjóðs fellur niður að 18 mánuðum liðnum frá veitingu lánsins. Sé fyrirsjáanlegt að verulegra efnahagslegra áhrifa vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, sem forsendur samnings þessa byggjast á, muni enn gæta að þeim tíma liðnum, hefur ráðherra heimild til að framlengja hámarksábyrgð ríkisins um 12 mánuði að höfðu samráði við fjárlaganefnd Alþingis. Skal þá framlengingin og grundvöllur hennar sett fram í sérstakri bókun við samning þennan

6. Áhættuálag

6.1 Áhættuálag

Lánastofnun skal standa ríkissjóði skil á áhættuálagi vegna þess hluta höfuðstóls hvers viðbótarláns sem nýtur ábyrgðar. Lánastofnun getur látið áhættuálagið endurspeglast í þeim kjörum sem lántaki nýtur við lántökuna. Álagið reiknast á ársgrunni og skal nema 0,10% hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum en 0,30% hjá stórum fyrirtækjum. Um skilgreiningu á litlum og meðalstórum fyrirtækjum fer eftir lögum um ársreikninga nr. 3/2006.

6.2 Greiðsla

Áhættuálagið skal gert upp mánaðarlega með greiðslu í ríkissjóð samkvæmt því sem kveðið er nánar á um í samningi Seðlabanka Íslands við hverja lánastofnun.

7. Skuldbindingar lánastofnunar

Lánastofnanir skulu tryggja að lögbundin og samningsbundin skilyrði séu uppfyllt í tilviki hvers fyrirtækis sem nýtur viðbótarláns með ábyrgð ríkissjóðs í samræmi við samning þennan og verklag viðkomandi lánastofnunar. Sé þeim skilyrðum ekki fullnægt fellur ábyrgð ríkissjóðs niður.

Viðbótarlán lánastofnana samkvæmt samningi milli Seðlabanka og lánastofnunar skulu veitt á skýrum, málefnalegum og gagnsæjum forsendum sem stuðla að jafnræði þeirra fyrirtækja sem leita eftir fyrirgreiðslu. Er hér horft til þess að lánastofnanir starfa í samræmi við lög og reglur sem um þær gilda ásamt stefnumiðum um samfélagslega ábyrgð. Einnig skulu þær fullnægja almennum kröfum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði, sbr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

8. Uppgjör ábyrgða

8.1 Ábyrgð taps

Ríkissjóður ber ábyrgð á tapi af höfuðstól vegna hvers viðbótarláns í samræmi við samþykkt ábyrgðarhlutfall.

8.2 Greiðslur lána

Við greiðslur af hverju viðbótarláni lækkar fjárhæð ábyrgðar ríkissjóðs hlutfallslega á viðkomandi viðbótarláni hvernar lánastofnunar.

8.3 Einföld ábyrgð

Ábyrgð ríkissjóðs gagnvart lánastofnunum vegna viðbótarlána þeirra til fyrirtækja er einföld ábyrgð. Lánastofnun skal nýta hefðbundin úrræði til að endurheimta viðbótarlán í vanskilum en til að greiðsluskylda ríkissjóðs verði virk gagnvart lánastofnun þarf innheimta viðbótarlánsins að vera árangurslaus og fullreynt að ekki fáist greiðsla frá lántaka. Verði endurheimtur á viðbótarláni eftir að greiðsluskylda ríkissjóðs varð virk á ríkissjóður endurgreiðslukröfu á hendur lánastofnuninni í samræmi við ábyrgðarhlutfall.

8.4 Uppgjör ábyrgða

Uppgjör ábyrgða, þar sem greiðsluskylda ríkissjóðs hefur orðið virk gagnvart lánastofnun skv. 8.3, á sér stað milli ríkissjóðs og lánastofnana á 6 mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. janúar 2021.

9. Skil á upplýsingum og árangursmat

9.1 Mat á þörf fyrir stuðning

Við undirbúning samnings Seðlabankans við lánastofnanir skulu þær skila upplýsingum um mat á stöðu lánasafna sinna með hliðsjón af núverandi aðgerðum stjórnvalda, áætlun um þær aðgerðir sem þær hyggjast fara í á eigin forsendum til að styðja við sína viðskiptavini, auk mats á þörf fyrir stuðning ríkisins í forni ábyrgða til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt í samningi þessum.

9.2 Skýrslugjöf og mat á árangri

Seðlabankinn skal í samningi við lánastofnanir gera kröfu um reglulega upplýsingagjöf frá lánastofnunum á samræmdu formi þar sem fram koma lykilupplýsingar um nýtingu úrræðisins, stöðu og þróun lánasafna viðbótarlána auk lýsigagna. Seðlabankinn mun vinna samantekt úr þessum skýrslum lánastofnana og láta ráðuneytinu í té innan þriggja vikna frá móttöku.

9.3 Birting upplýsinga

Fjármála- og efnahagsráðuneytið mun, á grundvelli upplýsinga sem Seðlabankinn móttækur frá lánastofnunum, birta opinberlega upplýsingar um lántaka sem njóta ábyrgðar, innan 12 mánaða frá því lán með ábyrgð er veitt. Ráðuneytið mun jafnframt hafa með höndum skýrslugjöf til Eftirlitsstofnunar EFTA í tengslum við ábyrgðarkerfið.

10. Eftirlit með framkvæmd

Í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í lögum um ríkisábyrgðir skal fjármála- og efnahagsráðherra skipa nefnd til að hafa eftirlit með framkvæmd ákvæðisins. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu á málefnum fjármálamarkaðar. Forsætisráðherra tilnefnir einn nefndarmann, samstarfsnefnd háskólastigsins einn og skal einn skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Nefndin getur kallað eftir upplýsingum og gögnum um framkvæmd ákvæðisins bæði frá Seðlabankanum og hlutaðeigandi lánastofnunum. Nefndin skal skila ráðherra skýrslu um framkvæmdina á sex mánaða fresti, í fyrsta sinn fyrir 1. nóvember 2020, en jafnframt skal hún upplýsa ráðherra án tafar ef hún verður vör við brotalamir í framkvæmdinni. Ráðherra skal leggja skýrslur nefndarinnar fyrir Alþingi. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnsýslulaga. Í Viðauka II eru drög að erindisbréfi nefndarinnar.

11. Gildistaka, gildistími, endurskoðun o.fl.

Meðfylgjandi samningi þessum eru sérstakir viðaukar merktir I og II og skulu þeir teljast óaðskiljanlegir hlutar samnings þessa.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið skal greiða allan kostnað Seðlabanka Íslands af framkvæmd verkefnisins samkvæmt nánara samkomulagi.

Samningur þessi lýtur íslenskum lögum. Ákvæði samningsins skulu vera túlkuð og þeim framfylgt í samræmi við íslensk lög.

Hvor aðili um sig getur óskað endurskoðunar samningsins hvenær sem er á samningstímanum.

Samningur þessi, sem er rafrænt undirritaður, gildir frá undirritun og til 1. júlí 2022.

Reykjavík, 17. apríl 2020

Bjarni Benediktsson,
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs Íslands.

Ásgeir Jónsson,
seðlabankastjóri f.h. Seðlabanka Íslands.

Viðauki I - fyrirtæki í erfiðleikum í skilningi EES-réttar

Ábyrgð vegna viðbótarláns verður ekki veitt ef fyrirtækið sem um ræðir var í fjárhagserfiðleikum 31. desember 2019. Fyrirtæki telst hafa verið í fjárhagserfiðleikum á þeim tímapunkti ef a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt, samanber skilyrði í tímabundnum reglum um ríkisaðstoð til stuðnings hagkerfisins vegna yfirstandandi heimsfaraldurs, frá 19. mars 2020:

- i. Um er að ræða félag með takmarkaðri ábyrgð og bókfært eigið fé þess, samkvæmt viðurkenndum reikningsskilaaðferðum, er orðið lægra en nemur helmingi innborgaðs hlutafjár að meðtöldum yfirverðsreikningi.
- ii. Um er að ræða félag þar sem a.m.k. einn aðili ber ótakmarkaða ábyrgð á skuldum félagsins og bókfært eigið fé þess, samkvæmt viðurkenndum reikningsskilaaðferðum, er orðið lægra en nemur helmingi innborgaðs hlutafjár að meðtöldum yfirverðsreikningi.
- iii. Um er að ræða fyrirtæki sem sætir gjaldprotameðferð eða uppfyllir skilyrði um að vera tekið til gjaldprotameðferðar að beiðni kröfuhafa.
- iv. Um er að ræða fyrirtæki sem hefur fengið björgunaraðstoð í skilningi leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um björgun og endurskipulagningu fyrirtækja, og hefur enn ekki endurgreitt lánið eða aflétt ábyrgðinni eða hefur fengið aðstoð til endurskipulagningar og er því enn bundið af samþykktri áætlun um endurskipulagningu.
- v. Eftirtalin skilyrði hafa átt við síðustu tvö reikningsár:
 - a) hlutfall milli bókfærðra skulda fyrirtækisins og eigin fjár hefur verið hærra en 7,5 og
 - b) hagnaður fyrir afskriftir og vexti (EBITDA) nemur lægri fjárhæð en nettófjármagnskostnaður ársins.

Skilyrði (i) og (ii) eiga ekki við um fyrirtæki sem er lítið eða meðalstórt, hafi starfsemi þess staðið yfir í þrjú ár eða skemur. Skilyrði (v) á ekki við um fyrirtæki sem er lítið eða meðalstórt.

Um skilgreiningu á litlum og meðalstórum fyrirtækjum fer eftir lögum um ársreikninga nr. 3/2006.

Viðauki II - Erindisbréf fyrir nefnd til að hafa eftirlit með framkvæmd viðbótarlána með ríkisábyrgð (drög)

Með 4. gr. fjárukalaga fyrir árið 2020, nr. 26/2020, og 15. gr. laga um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru, nr. 25/2020, var fjármála- og efnahagsráðherra heimilað að veita lánastofnunum ábyrgð ríkissjóðs sem nemi 50-70% höfuðstóls viðbótarlána þeirra til fyrirtækja sem orðið hafa fyrir verulegu tekjutapi vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Ráðherra er jafnframt heimilað að semja við Seðlabanka Íslands um að annast framkvæmdina gagnvart lánastofnunum. Í samningi ráðherra og Seðlabankans er mælt nánar fyrir um skilyrði og framkvæmd viðbótarlána með ábyrgð ríkissjóðs.

Í 15. gr. laga nr. 25/2020 er mælt fyrir um skipan nefndar til að hafa eftirlit með framkvæmd ákvæðisins. Í nefndinni skulu þrír eiga sæti, einn tilnefndur af forsætisráðherra, einn af samstarfsnefnd háskólastigsins og einn skipar fjármála- og efnahagsráðherra án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Allir nefndarmenn skulu hafa þekkingu á málefnum fjármálamarkaðar. Nefndin getur kallað eftir upplýsingum og gögnum um framkvæmd samnings ráðherra og Seðlabankans bæði frá Seðlabankanum og hlutaðeigandi lánastofnunum. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Nefndin skal skila fjármála- og efnahagsráðherra skýrslu um framkvæmd veitingar viðbótarlána á sex mánaða fresti, í fyrsta sinn fyrir 1. nóvember 2020, en jafnframt skal hún upplýsa ráðherra án tafar ef hún verður vör við brotalamir í framkvæmdinni. Ráðherra skal leggja skýrslur nefndarinnar fyrir Alþingi.

Eftirlitsnefndinni er ekki ætlað að fara með eftirlit sem önnur stjórnvöld fara með samkvæmt lögum. Í því sambandi ber að hafa í huga að þótt Seðlabanki Íslands sé sjálfstæð stofnun, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga um bankann, nr. 92/2019, fer forsætisráðherra með almennt eftirlit með starfrækslu, fjárreiðum og eignum bankans skv. 2. mgr. 13. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 115/2011. Eftirlit ráðherra tekur þó ekki til málsmeðferðar eða ákvarðana bankans í einstökum málum. Þá fer fjármála- og efnahagsráðuneyti með mál er varða ríkisábyrgðir skv. g-lið 2. tölul. 5. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 119/2018. Loks hefur Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands almennt eftirlit með því að lánastofnanir starfi í samræmi við lög

og reglur og að starfsemi þeirra sé í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti, sbr. 2., 3. og 8. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.

Viðskiptavinir sem eiga í samningssambandi við lánastofnanir geta borið réttarágreining við þær undir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, sem starfar á grundvelli 19. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, samningi milli ráðherra, Neytendasamtakanna og Samtaka fjármálafyrirtækja, og samkvæmt samþykktum sem hún setur sér. Eftirlitsnefndinni er ekki ætlað úrskurðarvald í einstökum ágreiningsmálum og störf hennar hafa ekki áhrif á möguleika viðskiptavina lánastofnana til að skjóta málum til úrskurðarnefndarinnar um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Samkvæmt framangreindu er eftirlitsnefndinni ætlað að hafa almennt eftirlit með framkvæmd viðbótlána með ábyrgð ríkissjóðs bæði af hálfu Seðlabanka Íslands og hlutaðeigandi lánastofnana. Skyldur Seðlabankans hvað þetta varðar koma einkum fram í samningi hans og ráðherra og skyldur lánastofnana í samningum sem Seðlabankinn gerir við einstakar lánastofnanir og endurspegla samning Seðlabankans og ráðherra.

Fjármála- og efnahagsráðherra skipar yður hér með í nefnd til að hafa eftirlit með framkvæmd viðbótlána með ríkisábyrgð. Auk yðar skipa nefndina [...].